

# Starfsnám í Evrópu á vegum Erasmus+ áætlunarinnar: Viðhorf og reynsla nemenda

---

Guðfinna Guðmundsdóttir og Elsa Eiríksdóttir

Rannsóknarstofa um verk- og starfsmenntun (RannVerk)



**HÍ**

MENNTAVÍSINDASVIÐ

## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit .....	2
Inngangur .....	3
Erasmus+ áætlunin og starfsnám í Evrópu .....	3
Aðferð og framkvæmd rannsóknar.....	5
Viðmælendur .....	5
Viðtalsrammi.....	6
Framkvæmd .....	6
Greining gagna .....	7
Niðurstöður .....	7
Hvatinn að umsókn um starfsnám í Evrópu.....	7
Undirbúningur námsdvalar .....	9
Fagleg upplifun námsdvalarinnar: Um námið.....	11
Menningar- og félagsleg upplifun .....	14
Mat á dvölinni eftir heimkomu: Þroski og sjálfstæði .....	18
Umræður.....	19
Almenn ánægja – mikilvægt tækifæri.....	19
Kynningu ábótavant .....	20
Misjöfn aðstoð við umsókn.....	21
Hvaða hæfni? .....	21
Að lokum .....	22
Heimildir.....	23

## Inngangur

Markmið rannsóknarinnar er að fá innsýn í reynslu nema af starfsnámi í Evrópu. Nánar tiltekið að afla vitneskju um hvað nemendur telja mikilvægt varðandi undirbúning og framkvæmd námsdvalar í starfsnámsgreinum. Jafnframt að fá upplýsingar um þeirra viðhorf og upplifun á áhrifum dvalarinnar, bæði faglega og félags- og menningarlega, og sérstaklega hvaða áskoranir þau upplifðu í ferlinu. Ekki hefur áður verið skoðað hér á landi hvað starfsmenntanemendur upplifa og læra í móttökulandi né hvað þeir taka með sér heim eftir dvölinu.

Til að vinna að markmiði rannsóknarinnar var rætt við starfsnámsnema sem nýlega höfðu lokið starfsnámi í Evrópu um dvöl þeirra í nokkrum liðum: Undirbúning fyrir ferðina, sjálfa dvölinu, aðkomu og stuðning sendistofnunar og móttökuaðila, mat á náminu og áhrif dvalarinnar að henni lokinni. Í samtalinu var upplifun nemandans í forgrunni og reynt að komast að því hvað þau teldu mikilvægt og skilja á milli menningarlegrar og faglegrar upplifunar starfsnámsnemenda.

Vinnan við rannsóknina hófst í apríl 2021 og fengust 13 starfsmenntanemar til viðtals. Byrjað var á því að hafa samband með tölvupósti við væntanlega þátttakendur og í kjölfarið fundinn tími til viðtala. Viðtölin voru tekin í maí og júní 2021 og afrituð um sumarið. Hafist var handa við að þemagreina viðtölin í lok sumars og skýrsla skrifuð í framhaldi.

Rannsóknin er unnin fyrir Rannsóknarmiðstöð Íslands (Rannís). Rannís hýsir Landskrifstofu Erasmus+ en það er styrkjaáætlun ESB fyrir mennta-, æskulýðs og íþróttamál (Erasmus+, 2021). Erasmus+ styrkjaáætlunin styrkir meðal annars dvöl fyrir starfsnámsnema, en í boði eru styrkir vegna starfsnáms og þjálfunar í öðrum löndum Evrópu. Dóra Stefánsdóttir og Margrét Jóhannsdóttir sérfræðingar hjá Rannís leituðu til Rannsóknarstofu verk- og starfsmenntunar sem tók að sér að vinna verkefnið. Verkefnastjóri rannsóknarinnar var Guðfinna Guðmundsdóttir, en Elsa Eiríksdóttir dósent á Menntavísindasviði umsjónarmaður. Drögum að skýrslu var skilað til Rannís 1. desember 2021 og var haldinn fundur til að rýna og ræða drögin með öllum hlutaðeigandi 9. desember. Lokaútgáfu skýrslunnar var skilað 4. janúar 2022.

Í þessari skýrslu er fyrst farið yfir bakgrunn rannsóknarinnar sem er starfsnám í Evrópu á vegum Erasmus+ áætlunarinnar. Síðan er fjallað um aðferð og framkvæmd rannsóknarinnar og niðurstöður í framhaldi. Að lokum er umræða um niðurstöðurnar og hvað þær segja um veikleika og styrkleika framkvæmdar námsdvalar á vegum Erasmus+ áætlunarinnar fyrir starfsnámsnema á Íslandi.

## Erasmus+ áætlunin og starfsnám í Evrópu

Með samevrópska menntakerfinu er ætlunin að innleiða stefnu um nám alla ævi, vinna að nýsköpun og stuðla að aukinni atvinnuþátttöku til að tryggja efnahagslegan vöxt. Erasmus+ áætluninni er ætlað að styrkja samvinnu á milli skóla í Evrópu, með áherslu á gæði náms og stuðla að viðurkenningu á námi milli evrópskra skóla. Markmiðið er tvíþætt: Annarsvegar að ungt fólk fái tækifæri til að öðlast alþjóðlega reynslu og auka við starfshæfni sína og hins vegar að nútímavæða menntun, þjálfun og æskulýðsstarf í Evrópu. Hægt er að sækja um styrki á vegum Erasmus+ áætlunarinnar vegna ýmissa verkefna og tækifæra, en hér er sérstaklega fjallað um dvöl starfsmenntanema.

Starfsnámsnemendur geta sótt um styrk vegna náms og þjálfunar í öðrum löndum á vegum Erasmus+ áætlunarinnar. Dvalartími getur verið frá tveimur vikum og allt upp í eitt ár og fara nemendur ýmist í fyrirtæki, skóla eða þjálfunarstofnanir. Gert er ráð fyrir að námið eða þjálfunin sé hluti af námi viðkomandi nemanda og metið sem slíkt að dvöl lokinni, nema í tilfellum starfsþjálfunar

eftir að námi lýkur, en hægt er að sækja um styrki til námsdvalar í eitt ár eftir útskrift og verður ferðin að vera farin innan þess árs (Erasmus+, 2021). Styrkjunum er ætlað að mæta kostnaði við ferðir og uppihald. Rík áhersla er lögð á gæði þjálfunar nemenda og ber að fylgja gæðaviðmiðum Erasmus+. Í því sambandi ber að framfylgja ákveðnu ferli við undirbúning og framkvæmd ferða. Gerður er samningur við þátttakendur og samkomulag við móttökuaðilann um þjálfun, en á Íslandi eru það framhaldsskólar eða aðrar stofnanir sem oftast hafa milligöngu um samninga um starfsnám í Evrópu og umsókn um Erasmus+ styrk (einnig kallað sendistofnun). Að dvöl lokinni skal móttökuaðilinn staðfesta dvöl og lærdóm (Erasmus+, 2021).

Starfsnám í Evrópu á vegum Erasmus+ áætlunarinnar þykir ein af árangursríkari aðgerðum á vegum Evrópusambandsins og mikilvæg í að skapa jákvæða sýn á samstarf innan Evrópu (European Commission, 2017). Almenn ánægja er með námsdvöl í Evrópu, en mikill meirihluti þátttakenda (yfir 90%) segist ánægður með útkomuna og er átt jafnt við nemendur, atvinnurekendur og skóla. Mikill meirihluti (80%) starfsnámsnema fær dvölinna metna inn í sitt nám (European Commission, 2017), en um tveir þriðju fara í þjálfun á vinnustað (Cedefop, 2021a). Þátttaka starfsnámsnema í Erasmus+ hefur aukist jafnt og þétt síðasta áratuginn, þótt það þyki ekki endilega algengt á heildina litið (European Commission, 2017).

Erasmus+ styrkur er mikilvægur kostur fyrir starfsmenntanema sem hafa hug á að öðlast reynslu í faginu utan Íslands. Sá ört minnkandi heimur sem við lifum í á tímum hnattvæðingar gerir kröfur um að nemendur séu undirbúnir til að takast á við hraðar breytingar á vinnumarkaði og sífellda þróun starfa (Stefán Ólafsson og Kolbeinn Stefánsson, 2005). Starfsnám erlendis getur veitt nemendum tækifæri til að taka þátt í formlegu og óformlegu námi um alla Evrópu. Þetta er mikilvægt, sérstaklega þar sem smæð landsins getur takmarkað sérhæfingu í starfsgreinum (einkum ef fagið er fámennt) og gert það að verkum að erfitt er að finna stað til að ljúka vinnustaðanámi. Þannig gefur Erasmus+ áætlunin tækifæri fyrir starfsmenntanema til að víkka sjóndeildarhringinn, kynnast nýjum verkefnum og aðferðum, sérhæfa sig, stofna til tengsla við kollega og skapa sér atvinnutækifæri á stærri vinnumarkaði. Með náms- og þjálfunardvöl erlendis dýpka starfsnámsnemar fagþekkingu sína og öðlast dýrmæta lífsreynslu (Kugiejko, 2016).

Með þátttöku í Erasmus+ fá nemendur tækifæri til að víkka sjóndeildarhring sinn bæði faglega og ekki síður menningarlega. Námið getur farið fram bæði innan formlega skólakerfisins en einnig á vinnustöðum og sem hluti af námi viðkomandi starfsmenntanema eða sem viðbót við fyrri reynslu og þekkingu (í eitt ár eftir útskrift). Markmiðið með náms- og þjálfunarferðum nemenda er að „auka hæfni og þekkingu þeirra á sínu fagsviði, efla sjálfstraust og tungumálakunnáttu, sem og að kynnast menningu og venjum annarra landa“ (Erasmus+, 2021). Því má segja að jöfn áhersla sé lögð á faglega og menningar- og félagslega upplifun nemenda.

Í mati á námi erlendis er gjarnan horft fyrst og fremst til þeirrar faglegu hæfni sem nemendur öðlast í vistinni og hafa verið þrouð kerfi til að aðstoða við mat á námi á milli landa (EQAVET og ECVET; Cedefop 2021b; European Commission, e.d.). Þessi faglega hæfni er mikilvæg, bæði býður starfsnám í Evrópu upp á sérhæfingu sem oft er ekki í boði á Íslandi vegna smæðar, en einnig eru verkefni, aðferðir og efni oft önnur en nemendur eiga að venjast. Þetta getur útvíkkað faglega hæfni nemanda og gefið viðkomandi yfirsýn yfir og innsýn í fagið á alveg nýjan hátt.

Menningar- og félagsleg upplifun nemenda getur þó einnig verið mikilvæg fyrir starfshæfni. Í finnskri rannsókn var skoðað hvaða hæfni væri tengd alþjóðlegri reynslu í hugum atvinnurekenda og

starfsnámsnemenda (CIMO, 2014). Þar kom í ljós að alþjóðleg reynsla er í huga flestra hæfni eins og að hafa víðfemt tengslanet í eigin fagi, tungumálakunnáttu og að geta starfað með fjölbreyttum hópi fólks. Þeir atvinnurekendur sem telja alþjóðlega reynslu mikilvæga, sérstaklega þegar nýtt starfsfólk er ráðið, tengja hana einnig við hæfni eins og að geta séð út fyrir eigin reynsluheim, áhuga á að tileinka sér nýja þekkingu og færni og að setja sig inn í heimsmálin. Rannsakendur lögðu áherslu á í sínum niðurstöðum að sú hæfni sem skapaðist við reynslu af því að starfa og læra alþjóðlega væri oft ekki sýnileg. Þessari hæfni væri þar af leiðandi ekki gert nægilega hátt undir höfði og atvinnurekendur ekki meðvitaðir um þá hæfni sem nemendur öðlast með námsdvöl erlendis (Cedefop, 2021; CIMO, 2014). Hæfni af þessum toga væri sérstaklega mikilvæg fyrir atvinnulífið til að takast á við áskoranir framtíðar í alþjóðlegu samhengi. Þannig er hægt að sjá hina faglegu, menningarlegu og félagslegu upplifun starfsnámsnema í námsdvöl erlendis sem eina heild, sem eflir starfshæfni viðkomandi í víðum skilningi.

## Aðferð og framkvæmd rannsókna

Markmið rannsóknarinnar var að fá innsýn í reynslu starfsmenntanema af starfsnámi í Evrópu og því voru tekin viðtöl við íslenska starfsnámsnemendur sem nýlega höfðu farið á vegum Erasmus+ áætlunarinnar til Evrópu.

### Viðmælendur

Viðmælendur voru starfsmenntanemar (eða nýútskrifaðir úr starfsnámi) sem farið höfðu til námsdvalar í 2-52 vikur á vegum Erasmus+ áætlunarinnar og stundað nám í skóla eða á vinnustað. Rannís sá um að velja þátttakendur af handahófi og fékk rannsakandi send nöfn þeirra. Við val á viðmælendum var miðað við 1-12 mánaða dvöl og lögð var áhersla á að ræða við nemendur úr mismunandi fögum sem dvalið höfðu í ólíkum löndum Evrópu. Alls fékk rannsakandi nöfn á 16 einstaklingum sem höfðu sagt að það mætti leita til þeirra. Haft var samband við alla sem lentu í úrtakinu, rannsóknin kynnt og beðið um viðtal. Ef svör bárust ekki var reynt að hafa samband símleiðis.

Á endanum voru 13 sem samþykktu að koma í viðtal. Viðmælendur voru á á aldrinum 18 til 48 ára (flest á aldrinum 19 til 26), fimm karlar og átta konur (sjá Töflu 1). Af viðmælendum voru 12 sem höfðu farið í starfsnám í Evrópu á síðastliðnum 3 árum, en einn hafði farið fyrir 5 árum. Sumir viðmælendur dvöldu lengur, gjarnan í vinnu hjá móttökuaðila, og oft var það óljóst hvaða hluti dvalarinnar var á styrk og hvenær því tímabili lauk. Þar sem trúnaði hefur verið heitið við viðmælendur verður ekki greint frá því hvaða starfsnámsgreinum þau tilheyra en flest (11 af 13) stunduðu nám í löggiltum iðngreinum. Til að setja niðurstöðurnar í samhengi þá er gefið upp hvert þau fóru, hversu lengi þau dvöldu og hvort dvölin var hluti af náminu og þá hvort þau fóru á vinnustað eða í skóla. Athygli vekur hversu algengt það var að starfsnám í Evrópu teldist viðbót við námið, en þessar upplýsingar koma frá viðmælendum og ekki alltaf skýrt hvað þau eiga við. Þannig gætu einhver þeirra hafa fengið starfsnámið erlendis metið sem til dæmis valeiningar. En hversu algengt það er að þau segi þetta viðbót við námið gefur þó til kynna að viðmælendur sjái sér hag í að sækjast eftir starfsnámi í Evrópu óháð því hvort þau fái það metið inn í formlegt nám í starfsgrein. Viðmælendur hafa fengið dulnefni í umfjöllun um niðurstöður.

Tafla 1. Viðmælendur í rannsókninni. Athuga skal að upplýsingar í töflunni um eðli námsins og lengd dvalar koma frá viðmælendum. Því gætu t.d. nemendur sagt námið vera viðbót en hafa fengið einingar metnar sem val.

Dulnefni	Land heimsótt	Eðli námsins	Lengd dvalar
Álfrún (45 ára)	Finnland	Viðbót við nám	3 vikur
Björn (48 ára)	Írland	Viðbót við nám	2 vikur
Bryndís (20 ára)	Svíþjóð/Danmörk	Hluti af vinnustaðanámi	12 mánuðir
Dagur (23 ára)	Danmörk	Viðbót við nám	6 vikur
Guðrún (23 ára)	Danmörk	Hluti af vinnustaðanámi	13 mánuðir
Helena (21 ára)	Austurríki	Viðbót við nám	6 vikur
Magnús (23 ára)	Belgía	Viðbót við nám	4 vikur
Melkorka (20 ára)	Noregur	Hluti af vinnustaðanámi	6 vikur
Ragnar (19 ára)	Frakkland	Viðbót við nám	6 vikur
Róbert (22 ára)	Belgía	Viðbót við nám	5 vikur
Steinunn (22 ára)	Þýskaland	Hluti af vinnustaðanámi og viðbót við nám	4 mánuðir
Vilborg (26 ára)	Bretland	Hluti af vinnustaðanámi	13 mánuðir
Þórður (23 ára)	Danmörk	Hluti af vinnustaðanámi og námi í skóla	2 vikur (stytt vegna COVID-19)

## Viðtalsrammi

Rannsóknin er viðtalsrannsókn þar sem samtal var notað til að draga fram ólíka upplifun og viðhorf starfsmenntanema til námsdvalar í Evrópu. Notaður var hálfopinn viðtalsrammi þar sem spurt var um undirbúning og framkvæmd námsdvalarinnar, en einnig upplifun meðan á dvölinni stóð, bæði út frá faglegri og menningarlegri reynslu. Spurningarnar fjölluðu m.a. um tildrög þess að fara í starfsnám í Evrópu, hvernig móttökurnar voru, upplifun þátttakenda á námstað faglega og menningarlega, stuðningur á meðan dvöl stóð, hvað var lært og hvort reynslan hefði nýst eftir að heim var komið. Valið var að nota hálfopinn viðtalsramma til að leyfa samtalinu að þróast og dýpka samræður eftir þörfum (sjá t.d. Flick, 2014; Kvale, 1996). Þannig gafst tækifæri til að fá fram óvæntar upplýsingar. Röðun spurninga var sú sama gagnvart öllum þátttakendum til að auka réttmæti gagnasöfnunar. Viðtalsramminn var unninn af verkefnisstjóra og umsjónarmanni rannsóknar.

## Framkvæmd

Vegna COVID-19 faraldursins var ekki ljóst hvort hægt væri að hitta þátttakendur og því var ákveðið að bjóða bæði upp á viðtal rafrænt í gegnum Teams og í raunheimum eftir því sem hentaði aðstæðum og þátttakendum.

Viðtölin voru tekin á tímabilinu maí til júlí 2021. Fjögur viðtöl af 13 fóru fram í gegnum Teams, en sex inn á heimilum, vinnustað tvö eða kaffihúsi eitt. Vettvangur viðtala var valinn eftir hentugleika viðmælenda. Lengd viðtala var á bilinu 40 til 85 mínútur. Viðtölin voru hljóðrituð með samþykki þátttakenda og síðan afrituð til úrvinnslu. Rannsakandi tók öll viðtölin og sá um afritun.

Í upphafi hvers viðtals fór rannsakandi yfir tilgang rannsóknarinnar, hvernig trúnaður við viðmælendur yrði tryggður og hvernig farið yrði með gögnin. Viðmælandi var því næst beðinn að lesa

og skrifa undir upplýst samþykki um þátttöku þar sem, ásamt fyrrgreindum upplýsingum, var einnig gerð grein fyrir rétti þeirra (Flick, 2014; Kvale, 1996). Viðmælendur sem hittu rannsakanda á Teams fengu sent upplýst samþykki með tölvupósti sem þeir skrifuðu undir og sendu til baka.

## Greining gagna

Í úrvinnslu var fyrst litið til viðtalsrammans og þeirra spurninga sem lagt var upp með og snéru að upplifun þátttakenda á starfsnámi í Evrópu. Þar sem stuðst var við hálfopinn viðtalsramma voru viðtölin að auki þemagreind við úrvinnslu (Braun og Clarke, 2006) til að ná utan um óvæntar upplýsingar sem ekki endilega tengdust spurningum sem lagt var upp með heldur komu til í flæði samtalsins. Umfjöllun um niðurstöður er því bæði bundin rannsóknarspurningum og áherslum í viðtalsramma en einnig þemum sem komu upp við greiningu gagnanna eftir á.

## Niðurstöður

Umfjöllun um niðurstöður er skipt í eftirfarandi kafla: (1) Hvatinn að umsókn um starfsnám í Evrópu, (2) undirbúningur námsdvalar, (3) fagleg upplifun, (4) menningar- og félagsleg upplifun og (5) mat á dvölinni eftir heimkomu.

### Hvatinn að umsókn um starfsnám í Evrópu

Í þessum kafla er annars vegar fjallað um hvar nemendur fengu upplýsingar um möguleikann á að sækja um Erasmus+ styrk og hins vegar af hverju þau sóttust eftir að fara yfirleitt.

#### *Upplýsingar um starfsnám í Evrópu og Erasmus+*

Þegar spurt var um hvar þau hefðu fengið upplýsingar um Erasmus+ styrkinn kom fram hjá flestum viðmælendum að þeim hafi verið bent á þennan möguleika af einhverjum innan skólans þar sem þau stunduðu nám. Athyglisvert er að sum vissu ekki hvaða stöðu viðkomandi starfsmaður hafði innan skólans. Þó kom fram að einn skóli hafi alþjóðafulltrúa sem nemendur funduðu með og kynnti möguleikann á starfsnámi í Evrópu markvisst. Margir nefndu þó að það hefðu verið kennarar sem vöktu athygli þeirra á möguleikanum að fara og sækja um Erasmus+ styrk. Melkorka sagði til dæmis: „Það var eiginlega kennarinn minn sem benti mér og vinkonu minni á að fara í starfsnám út því við gátum ekki klárað námið hér heima“. Þórður sagði kennara sína hafa stungið upp á því að sækja um styrk til að fara í skóla til Danmerkur: „Þeir sögðu að ég kynni svo mikið og væri búinn að vinna svo lengi við fagið hér heima, þeir gátu bara ekki kennt mér meira“. Róbert sagði að fagstjóri í hans fagi hefði boðið honum að fara. „Ég var sko útskrifaður þegar þetta bauðst og ég átti ekkert að fara. En það var einhver sem komst ekki, það urðu forföll og kennarinn hringdi í mig og bauð mér að fara. Það vantaði einhvern svo ég hoppaði bara á þetta“. Í framhaldi kvartaði hann yfir því að hafa ekki fengið kynningu þessum möguleika í skólanum á meðan hann var enn við nám: „Ég hefði klárlega sótt um að fara út áður en ég útskrifaðist ef ég hefði vitað af þessu. Þá hefði ég getað nýtt mér þetta betur í starfsnáminu og jafnvel til styttingar á því“.

Steinunn fór aðra leið en hinir nemendurnir sem talað var við og var búin að fá þær upplýsingar að hún gæti ekki sótt um:

Það var svo illa upplýst um að hægt væri að fá þennan styrk. Deildin mín er ekki í höfuðstöðvum skólans þannig að við fengum enga kynningu á þessum möguleika og þeir sem voru að kenna mér sögðu að þetta væri ekkert í boði fyrir okkur.

Steinunn var þó ákveðin í að fara þrátt fyrir það: „Ég var búin að ákveða eða hugsa mér að fara út hvort sem ég fengi styrkinn eða ekki og líka ef ég fengi ekki starfsnám. Ég var með útþrá langaði að búa ekki hér“. Hún fór út, reddaði sér sjálf og fékk samning við vinnustað, en síðar kom á daginn að hún gæti sótt um Erasmus+ styrk. Hún bætir við að það væri óásættanlegt að deildin hennar hefði sagt að námið væri ekki styrkjarhæft: „Það voru alls ekki góðar upplýsingar um þetta í minni deild sem er mjög vont“. Steinunn var komin á síðasta séns með að geta sótt um styrkinn, því liðið var tæpt ár frá því að hún útskrifaðist.

Aðrir nemendur fundu upplýsingar um námsdvöl á vegum Erasmus+ á tilviljunarkenndari hátt. Helena fann bækling á borði þegar hún var að útskrifast: „Þegar ég fékk sveinsprófskírteinið mitt sá ég bækling á borði eitthvað svona Ævintýri í Evrópu og fannst það spennandi og kippti einum með og sótti svo um“. Björn sagði: „Ég var að skrolla á netinu og sá að ég átti möguleika á styrk í gegnum starfsmenntasjóð Íðunnar og langaði að dýpka þekkingu mína á ákveðnum námsþætti eða aðferðarfræði. Kynnast nýjum aðferðum og svona“. Björn var útskrifaður þegar hann fór út: „Ég rétt náði áður en glugganum var lokað; ég var heppinn að ná þar sem ekki má líða meira en ár frá útskrift“.

### *Af hverju var sóst eftir starfsnámi í Evrópu*

Ástæður fyrir því að þessir nemendur sóttust eftir að fara í starfsnám í Evrópu voru af ýmsum toga. Í sumum tilfellum var um ævintýra- og útþrá að ræða, í öðrum voru þau að leita að kennslu í tilteknum þáttum fagsins, og í enn öðrum gekk illa að finna stað til að ljúka vinnustaðanámi greinarinnar á Íslandi og því var ráðið að leita út fyrir landsteinana.

Af þrettán viðmælendum voru sex sem fengu námsdvölinu metna sem hluta af náminu á Íslandi og í flestum tilvikum upp í vinnustaðanám á vettvangi. Bryndís sagði: „Ég var ár af verknámi mínu úti að vinna“ og Vilborg sótti um styrk eftir að hún var sjálf búin að finna vinnustað og fá samning. Hún sagði: „Löngu áður en ég fór út var ég að finna stað til að taka [vinnustaða]námið á. Ég ætlaði upphaflega að vera í fjóra mánuði en svo heyrði ég í henni frá skólanum sko henni sem sér um verkefnið og hún sagði að ég gæti alveg fengið styrk í ár eða að styrkurinn gæti alveg dekkjað ár þannig að ég ákvað að vera ár“. Flestir þeir nemar sem fóru í vinnustaðanám erlendis tilheyra greinum þar sem erfitt er að fá samning eða pláss í vinnustaðanámi hér á landi. Ein þeirra var Guðrún sem fékk ekki samning hér á landi til að klára vinnustaðanámið og stökk á tækifærið til að ljúka þeim hluta erlendis: „Mér bauðst að fara á miðri önn í skólanum þannig að ég þyrfti að sleppa því að klára það sem ég var að taka þar til að komast í verknámið því meistarinn vildi fá mig strax“. Hún þyrfti svo að klára þessi fög í skólanum eftir að hún kom heim aftur. Það kom fram hjá Melkorku að í grein þar sem illa hefur gengið að fá pláss í vinnustaðanámi hefur verið gerður samningur við vinnustaði í Noregi um að fá að senda nema þangað til að ljúka vinnustaðanámi. Þórður fékk dvölinu metna inn í námið í skóla, bæði upp í áfanga og sem aukalegar einingar. Þetta voru verkþættir sem ekki var hægt að kenna honum hér heima: „Sko kennarinn sagði við mig að ég þyrfti að fara og læra [nefnir verkþátt] af því að hann gat ekki kennt mér það, þannig að ég fór, ég fékk áfangana sem ég missti úr í skólanum metna og einhverjar aukaeingar“.

Aðrir viðmælendur fóru utan á öðrum forsendum og nefndu sumir að markmiðið hefði verið að styrkja faglega hæfni, til dæmis Björn sem fór eftir útskrift gagngert til að læra nýja tækni í hans fagi, en einnig kom ævintýraþrá til sögunnar. Magnús sagði til dæmis: „Ég fór nú bara til að styrkja mig faglega og svala ferðapörfinni“. Helena tók í sama streng og sagði: „Ég var búin með sveinsprófið og langaði í ævintýri til að kynnast nýjum aðferðum og fannst miklu betra að gera þetta svona heldur en



að gera eins og vinir mínir sem fara í heimsreisur“. Álfrún sagði: „Ég fór bara af ævintýraþörf og fannst þetta mjög valdeflandi“.

### *Samantekt um hvata*

Niðurstöðurnar sýna að nemendur fá upplýsingar um starfsnám í Evrópu og Erasmus+ styrkinn eftir nokkrum leiðum. Oftast er það einhver innan heimaskóla nemendanna sem bendir á þennan möguleika, en það virðist einnig tilviljunarkennt hvort þau fái þessar upplýsingar eða ekki. Aðeins einn viðmælandi talaði um að hafa fengið formlega kynningu.

Ástæður fyrir því að viðmælendur sóttust eftir að fara í starfsnám erlendis voru því margvíslegar, í mörgum tilvikum voru þetta tækifæri til að ljúka vinnustaðanámshluta þar sem ekki fékkst samningur á Íslandi, en hvatinn var einnig ævintýraþrá og tilbreyting um leið og eitthvað nýtt er lært og fagleg hæfni styrkt.

### *Undirbúningur námsdvalar*

Í þessum kafla er annars vegar fjallað um umsókn og undirbúning fyrir dvölinna – þá sérstaklega hvaða aðstoð viðmælendur fengu – og hins vegar móttökuina í landinu sem var heimsótt.

### *Umsókn og undirbúningur*

Í umræðu um undirbúning fyrir námsdvölinna kom fram að í flestum tilvikum fengu viðmælendur aðstoð við að sækja um og undirbúa ferðina hjá sínum skóla eða sendistofnun. Flest sögðu þau að umsóknarferlið hefði verið mjög skýrt og engir hnökur þar á. Hjálpin við að finna vinnustað eða skóla virðist þó hafa verið mismikil. Margir fengu aðstoð við að finna vinnustað eða skóla til að heimsækja og jafnvel hjálp við að finna líka húsnæði og flug eins og Álfrún: „Alþjóðafulltrúinn í skólanum sá um allt, að finna móttökuaðila, húsnæði og panta ferðina“ og Melkorka hafði sömu sögu að segja: „Skólinn minn sá um alla pappírsvinnu, pantaði flugfarið og fann húsnæði.“ Magnús fékk einnig hjálp við flest: „Skólinn sá alveg um að sækja um og koma mér á staðinn, [ég] fann reyndar húsnæði sjálfur eftir að móttökuaðilinn var búinn að senda mér link á háskólagarða“ og Helena sagði að sendistofnunin hefði útvegað allt fyrir hana. Í tilfelli Guðrúnar sá skólinn um allt: „Skólinn útvegaði pappíra og styrkinn og fann vinnustað ... Sko það var [nafn kennara] sem hjálpaði mér að finna stað til að vinna á og svo var það [nafn alþjóðafulltrúa skólans] sem græjaði allt. Ég flaug svo út með kennara mínum og hann kom mér í samband við meistaran á staðnum sem ég vann á“. Þannig var kennarinn í því tilfelli einnig einskona tengiliður í móttökulandinu.

Aðrir þurftu að sjá sjálf um að finna vinnustað, eins og Bryndís: „Ég fór í starfsnám [vinnustaðanám] og [sendistofnunin] sá um að finna pening eða styrk. Ég fann sjálf staðinn til að vinna á og húsnæði“. Hún þurfti að fá vinnustaðinn samþykktan af [sendistofnuninni] sem síðan sá um alla pappírsvinnu og staðfestingu til móttökuaðila. Eitthvað virtist þó hafa farið úrskeiðis og hún segir: „Ég hélt að [sendistofnunin] hefði eða myndi hafa samband við þá þarna úti. En ég veit ekki hvað gerðist. Því maðurinn sem ég hitti kom svolítið af fjöllum þegar ég mætti bara þarna, en þetta reddaðist allt“. Þannig var annaðhvort ekki skýrt verklag um hvernig staðið skyldi að samskiptum við vinnustaðinn sem samið var við eða viðmælandinn ekki fengið eða misskilið upplýsingar um verklagið. Vilborg fékk aðstoð hjá skólanum við að sækja um styrkinn og allt ferlið, en þurfti að finna vinnustað sjálf líkt og Bryndís:

Það var ekkert mál að sækja um styrkinn hún sá um það konan í skólanum ... En sko að sækja um starfsnámið [vinnustaðanám], þú veist við sendum yfir fjörutíu pósta og það var bara nei, nei, nei,

sko ef við fengum svör. Því meirihlutinn af þessum fyrirtækjum svaraði ekki sko. Fékk eitthvað þrjú jákvæð svör sko og svo kom eitt svo miklu seinna þá var ég búin að ákveða að fara annað ... sko hefði viljað vera þar á þessu sem kom síðast.

Þórður er eini viðmælandinn sem fór í skóla, en hann var þar í bóklegu og verklegu námi sem hluta af sínu iðnnámi hér heima, en hann sagði: „Skólinn sá um allt ferlið þetta var hluti af námi mínu og ég bjó á heimavist í skólanum og borðaði í mötuneytinu“.

Aðrir sáu um undirbúning sjálfir – og virðist það stundum hafa verið að eigin vali eins og hjá Steinunni:

Ég fór bara út sjálf ætlaði bara að redda mér vinnustaðanámi og ég fékk það mjög fljótlega. Síðan reyndi ég að fá styrk og eftir smá vesen og vandræði gekk það upp en ég var búin að vera úti í nokkurn tíma áður en ég fékk styrkinn og var búin að redda mér húsnæði.

Sum vissu ekki fyrirfram af möguleikanum að sækja um Erasmus+ eins og Dagur sem var búinn að skipuleggja ferðina og ætlaði að borga allt sjálfur: „Þetta var alger himnasending þegar ég fattaði styrkinn“.

### *Móttaka í nýju landi*

Aðeins virðist mismunandi hvernig móttöku var háttað þegar utan var komið. Fæst nefndu þau einhvern ákveðinn tengilið í móttökulandi og virðist það ekki hafa verið neitt vandamál af þeirra hálfu. Þó kom í ljós að margir voru með upplýsingar um tengilið eða fulltrúa í móttökulandinu, en það virðist mjög misjafnt hvort viðmælendur hittu þann aðila. Ragnar var einn af þeim sem var í sambandi við fulltrúa frá móttökulandi, en hann tók á móti honum þegar hann kom út og fór með honum á vinnustaðinn. Annar var Björn sem sagði: „[Sendistofnunin] fann fyrir mig samstarfsaðila og ég hafði bara samband við hann. Hann benti mér á húsnæði og ég fékk allan þann stuðning sem ég þurfti frá honum“. Helena sagði að [sendistofnunin] hefði gefið henni nafn á móttökuaðila sem hún hefði getað leitað til. Hjá Þórði settu lokanir vegna Covid-19 faraldursins strík í reikninginn og það þurfti hröð handtök til að koma honum heim og fékk hann aðstoð hjá fulltrúa í móttökulandinu.

Einhverjir könnuðust þó ekki við að hafa fengið tengilið í móttökulandinu. Guðrún lýsti sinni upplifun þannig: „Ég bjargaði mér alveg sjálf um allt“. Hún var ekki með neinn móttökuaðila og var bara í sambandi við sinn heimaskóla á Íslandi ef eitthvað kom upp á. Það sama gildi um Melkorku en hún leitaði til vinnuveitandans úti: „Það var enginn tengiliður þarna úti sko nema bara meistarinn sem ég var hjá í vinnu“. Hún fór ásamt skólasystur sinni og segir: „Við lentum bara á flugvellið og tókum leigubíl á farfuglaheimili sem við bjuggum á og það gekk bara vel“. Hún bætir svo við: „Við fengum einhverja tvo daga til að koma okkur fyrir og svona skoða okkur um“. Hún mætti svo á vinnustaðinn í framhaldi: „Það var mjög vel tekið á móti mér á staðnum sem ég var á og mér fannst ég vera mjög velkomin,“ segir hún um móttökuaðilann. Einnig getur verið að í einhverjum tilvikum hafi vinnuveitandi átt að vera þeim innan handar sem tengiliður án þess þó að vera kallaður það sérstaklega. Bryndís nefndi að það hefði komið upp smá vesen í sambandi við styrkinn en því var reddað af vinnuveitendum. Steinunn sagðist ekki hafa verið í sambandi við neinn þann tíma sem hún dvaldi í starfsnáminu, en hún var á vinnustaðnum í þrjú ár. Í þessu samhengi bentu sumir viðmælendur á að þau væru nú fullorðin fólk sem gætu séð um sig sjálf og leyst sín mál.

### *Samantekt um undirbúning*

Niðurstöður benda til að skipulagið þegar senda á nemendur í nám erlendis er nokkuð misjafnt. Helst fengu viðmælendur aðstoð hjá aðilum í skóla eða sendistofnun. Allir viðmælendur nema einn báru

umsýsluaðila innan skólans vel söguna, en í undantekningartilfellinu hafði viðmælandinn fengið þær upplýsingar að hún ætti ekki kost á að sækja um styrk. Hún er eini viðmælandinn sem fór út án þess að vera með tryggingu fyrir námsstað og styrk. Mismikil hjálp fékkst við að finna vinnustað og húsnæði, en oftast fólst aðstoðin í pappírsvinnu í sambandi við styrkinn og ferlið við að ganga frá námsdvölinni. Nokkrir viðmælendur fundu sjálfir vinnustað og húsnæði, á meðan aðrir fengu aðstoð við að finna námsstað og kaupa farseðil. Það að finna vinnustaði reyndist flóknasti hlutinn og má ætla að sennilega er mikilvægt að styðja nemendur í þeim hluta ferlisins. Flestir viðmælenda gátu verið í sambandi við einhvern aðila í dvalarlandinu, en þau þurftu sjaldnast á því að halda. Þau sem sögðust ekki hafa haft aðgang að tilteknum tengilið í móttökulandinu þótti það ekkert tiltökumál, og gátu fengið aðstoð hjá vinnuveitanda eða heimaskóla.

## Fagleg upplifun námsdvalarinnar: Um námið

Í þessum kafla er fjallað um þætti tengda faglegri upplifun viðmælenda, þ.e. námið og reynsluna af faginu. Fyrst er fjallað um verkefnið sem þau unnu, síðan um þá faglegu þekkingu og færni sem þau fengu og að lokum um leiðsögn og kennslu í starfsnáminu erlendis.

### *Fjölbreytt og ný verkefni*

Viðmælendur voru allir ánægðir með faglega upplifun af námsdvölinni og verkefni sem þeim voru fengin. Þau töldu verkefnið við hæfi og ekkert þeirra upplifði að gerðar hafi verið meiri kröfur til þeirra en þau gætu staðið undir. Þvert á móti sögðu flest að þau hafi fengið að spreyta sig á nýjum og fjölbreyttum verkefnum sem þau töldu mjög jákvætt. Til dæmis sagði Róbert: „Úff...það var nánast nýtt verkefni á hverjum degi, allt verkefni sem ég hafði ekki unnið við áður“. Hann sagðist hafa lært nýjar aðferðir sem ekki væru kenndar hér heima, sem nýttust honum nú við vinnu hans. Dagur hafði sömu sögu að segja: „Ég fékk að spreyta mig á mörgu sem ég hafði aldrei unnið við hér heima ... Ég fékk að prufa allskonar nýja hluti sem ég fékk mikinn stuðning við að gera“. Vilborg tekur í sama streng og segir: „Ég gerði mikið meira en ég hefði fengið að gera hér heima, tækifærin voru miklu fleiri og fjölbreytileikinn ... það er mikill munur á náminu þarna úti og hér heima. Þarna úti fékk ég allskonar verkefni sem eru bara ekki í boði hér heima vegna einhæfninnar“. Hún taldi að þau verkefni sem hún hefði fengið að fást við í starfsnáminu erlendis hefðu bætt upp fyrir það sem hún hafi ekki fengið tækifæri til að læra hér heima. Hún bætti við að oft væri hún að vinna við sömu aðgerðirnar (handtökin/ verkþættina) heilu dagana hér heima og því hafi verið mikill fengur í því að komast á stað þar sem fjölbreytt verkefni hafi verið í boði. Álfrún sagðist hafa lært helling: „Ég sé marga möguleika sem ég get nýtt mér“.

Helena upplifði fjölbreytni verkefna á annan hátt – verkefni voru ný en sérhæfing starfa meiri: „Þetta voru öðruvísi verkefni en ég var vön hér heima og einnig verkfærin. Það er miklu meiri sérhæfing þarna úti. Hér heima vinn ég alla verkþætti í mínu fagi sem ná yfir miklu meira en þarna úti“. Hún lýsir hvernig það er í hennar fagi hér á landi þar sem þau ganga í öll störf en í móttökulandinu eru mjög skýr mörk fyrir hvað þú mátt gera og hvenær ber að kalla til annarskonar fagmann. Hún bætir við og segir: „Það var alveg gaman að kynna þessu, en mér finnst alveg gaman hér heima þar sem við erum að gera allt sjálf“. Fyrir hana var mikill lærdómur falinn í að fá samanburð á faginu á Íslandi og í móttökulandinu: „Mér finnst alveg sjúklega gaman að fá þetta tækifæri og ég lærði mikið og það er gaman að bera saman hvað er verið að vinna með þarna úti og hvernig gert er til dæmis [nefnir verkefni] það er eitthvað sem ég myndi aldrei eða ég hef aldrei búið til hér heima“.

### *Fagleg þekking og færni*

Þegar nánar er rýnt í hvaða faglega þekkingu eða færni viðmælendur tileinkuðu sér ræddu þau sérstaklega vinnutilhögun og aðferðir, efnisnotkun og tækjabúnað. Björn fór gagnert í sína ferð til þess að kynna ákveðinni aðferð í sínu fagi. Hann var ánægður með dvölinna en fannst hún of stutt. Hann fór á námskeið til að læra þessa aðferð og var það haldið á þremur ólíkum stöðum. Hann segist hafa getað tileinkað sér aðferðina og vildi gjarnan nota hana hér heima. Dagur fór einnig út með það í huga að styrkja sig faglega á tiltekinn hátt, og var þá sérstaklega að hugsa um aðferðir og tilhögun á vinnustað:

Markmiðið var náttúrulega að styrkja mig út frá [nefnir verkþátt] og mér fannst ég fá mjög mikla reynslu og gat þar með víkkað sjóndeildarhringinn ... [það] eru allt aðrar kröfur gerðar en hér heima og mjög hvetjandi að fara og vinna þarna en um leið rosa mikill lærdómur fyrir mig. Ég fékk þarna innsýn í hvernig svona vinnustaðir eru byggðir upp ... Það var alltaf byrjað með fundi á morgnana um verkefni dagsins þar sem farið var yfir hvað hver átti að gera ... það var mjög vel fylgst með því að allt væri eins og það átti að vera.

Eitt af því sem kom Helenu mest á óvart var hversu ólík vinnubrögðin voru: „Ég lærði rosalega mikið á að vera þarna þó að vinnutíminn og verkfærin væru ekkert mjög ólík. Þá voru þetta bara svo ólík vinnubrögð og það liggur við að þetta sé ekki sama greinin og hér heima þetta er svo rosalega ólíkt skilurðu mig“. En hún nefnir líka efnin sem unnið er með: „Þeir vinna með annarskonar efni en við erum að vinna með hér heima, allt svona meiri gæði að mér fannst.“. Róbert nefndi líka hráefnin sem unnið var með og sagði: „[Ég] fékk að vinna með hráefni sem ég hef ekki unnið með áður og á annan hátt en gert er hér heima. Hugmyndaflug mitt faglega jókst“. Þannig hafi þessi kynni af efnisnotkun styrkt hann sem fagmann og Bryndís tekur undir það og segir að henni hafi hreinlega verið ýtt út í djúpu laugina faglega og hún hafi styrkts við það: „Efnin sem ég var að nota voru ólík og ég hefði ekki fengið þá faglegu sýn sem ég hef í dag nema út af þessari veru minni þarna úti“. Ragnar er sammála Bryndísi og segist hafa styrkst faglega og fengið aukið sjálfsálit: „Hár standard á vinnustaðnum sem ég var á og ég kynntist ólíkum vinnubrögðum og nýtingu á hráefni“. Hann nefnir sérstaklega sjálfbærni:

Mér fannst ég sjá mikið af nýjungum. Mér fannst mér líka ég læra mikið; þetta var svo allt öðruvísi en á Íslandi sko ... hvernig þau vinna það var svo sjálfbært sem þau voru að gera ... Ég var að læra nýjar aðferðir nánast á hverjum degi og að nýta það sem væri í nánasta umhverfi. Það var gríðarlega spennandi það sem þeir voru að gera þarna úti og opnaði augu mín á mörgum möguleikum sem við höfum hér heima og erum ekki að nýta okkur.

Bryndís nefndi sömuleiðis sjálfbærni: „Ég fékk að nota efni sem ég fengi alls ekki hér heima og eru bara of dýr og erfitt að vinna með. Svo lærði ég mikið um eco-friendly efni sem gaman væri að nota hér heima en það er ekki gert í dag“. Melkorka ræddi einnig umhverfisvænni efni í sínu fagi. Hún sagðist hafa lært mikið því tengt í dvölinni úti, en heima værum við langt á eftir í umhverfisvænni hugsun. Þórður tók undir það og nefnir að skipulag og skilvirkni í notkun efna skipti máli í þessu samhengi: „Svo er svo margt sem við þurfum að halda utan um þarna úti skýrslugerð og svona mæla stærðir og reikna út hversu mikið efni við þurfum og hvað fer mikið til spillis“ og bætti við að út í þetta væri ekki mikið hugsað í náminu á Íslandi. Þórður nefndi sérstaklega að allt efni sem hann hafði unnið með var það nýjasta á markaðnum, en hann hafði ekki sömu sögu að segja af reynslu sinni á Íslandi. Guðrún sagði líka að hún hafi fengið tækifæri til að vinna með efni sem hún fengi ekki að gera hér meðan á námstíma stendur og það fannst henni frábær reynsla.

Steinunn er í tæknifagi og hún ræddi tækjabúnað sérstaklega. Hún vann á stað sem var vel búinn tækjum sem hún hafði ekki haft tök á að kynnast hér heima þar sem þau eru ekki til staðar: „Þetta var bara eins og að fara í mastersnám“. Hún fékk leyfi til að prófa sig áfram og sagðist hafa lært mest á því að fíkta í tækjunum en hún mátti vera þar eftir að vinnu lauk á daginn: „Ég hreinlega bjó á verkstæðinu ... eyddi miklum tíma í að prufa mig áfram“. Hún vildi meina að þetta hafi verið það sem hún hafi fengið hvað mest út úr dvölinni; að fá að leika sér með tól og tæki eftir vinnu á staðnum og þannig þróað sig sem fagmaður í þá átt sem hún vildi stefna: „Ég fékk að nýta mér [nefnir tækni] ein og notað allar græjur sem voru á staðnum ... og þarna gat ég prófað mig áfram og fundið út hvað ég fílaði og langaði að vinna með ... ég er með mun skýrari fókus eftir þessa dvöl“. Ólíkt öðrum viðmælendum talaði Guðrún um úreld tæki: „Meistarinn var mjög góður og sýndi mér hvað ég átti að gera og hjálpaði mér með verkefnin, það var helst að staðurinn er mjög gamall og tækin gömul, ekki búið að endurnýja neitt bara svolítið þröngt og skítugt“. Hún vill þó meina að hún hafi lært mjög mikið og fengið að prófa allskonar mismunandi hluti sem hún hafði ekki tækifæri á að kynnast í námi sínu á Íslandi.

Allir eru viðmælendur í rannsókninni sammála um að dvölin hafi styrkt þá faglega og að þau hafi fengið trú á eigin getu. Melkorka sagði til að mynda: „Sjálfsöryggið jókst gagnvart faginu og ég fann hversu örugg ég var þegar ég kom heim“. Dagur sagði: „Þetta var rosalegur lærdómur og fólk talaði um að ég hefði eflst bæði faglega og sem manneskja þegar ég kom heim“.

### *Leiðsögn og kennsla*

Einnig ræddu viðmælendur tilhögun á leiðsögn og kennslu. Þá snerist umræðan gjarnan um hvernig þetta var líkt eða ólíkt því sem þau áttu að venjast á Íslandi. Dagur sagði til dæmis um leiðsögnina sem hann fékk:

Já, það var mjög svipað og hér heima og mistök voru leyfð og þeir fóru vel yfir allt sem við áttum að gera. Ef mistök voru gerð var kennt eða sagt frá því hvernig ætti að vinna. Ef að þú treystir þér til að gera þá fékkstu að gera og það gerði það að verkum að við vönduðum okkur. Þetta gerði það að verkum að ég fékk mikið sjálfstraust í vinnunni. Sá sem efast um sjálfan sig vinnur ekki vel.

Ragnar benti á að það hefði verið mikill agi og skilaboðin skýr öðruvísi en hér heima. Melkorka nefndi þetta líka og sagði: „Námsfyrirkomulagið er allt öðruvísi, [ég] fékk meiri tíma til að gera hlutina og verkefnin voru skýr“. Þórður var mjög ánægður með kennsluna og sagði til dæmis:

Kennarinn var bara að fylgjast með okkur. Ég fékk bara þykka bók með verkefnunum sem við vorum að taka og þar þurfti ég bara að redda mér ... kennarinn fylgdist bara með og hann gerði það til þess að við lærðum þetta vel, kom því í þann farveg að við værum að gera þetta rétt og vel.

Hann talar um mun á náminu á Íslandi og úti og nefnir sérstaklega að nemendur séu agalausir á Íslandi í samanburði við þar sem hann var:

Aginn var svo miklu meiri, úti er enginn í símanum og allir eru að fylgjast með þegar kennarinn er að segja frá því sem á að fara að gera ... Hér heima eru nemendur ekkert að hugsa um hvað kennarinn er að segja og spyrja sömu spurninganna aftur og aftur. Þeir komast upp með allskonar sem ekki er í boði þarna úti. Ef nemar standa sig ekki eru þeir bara reknir þarna.

Hann sagði einnig að faglega væri námið allt öðruvísi uppbyggt og farið væri dýpra í hvern námsþátt. Þetta hentaði honum vel: „Ég lærði ... á tveimur vikum nánast eins og á einni önn hér heima“.

Guðrún var eini viðmælandinn sem hafði eitthvað neikvætt að segja um leiðsögn en að hennar mati var námsstaður mjög óskipulagður: „Það var stundum vegna óskipulagsins þarna verið að vandræðast með hvað ég ætti að gera næst. Stundum þurfti ég bara að búa mér til mín eigin verkefni ... Það var alveg gaman að vinna þarna en ég lærði líka alveg hvernig ég vil ekki hafa hlutina“. Henni fannst þó á endanum jákvætt að fá að stýra sínum verkefnum: „Ég þurfti bara stundum að búa mér til verkefni og fékk alveg frjálsar hendur með það sko sem var bara gaman og gott“. Steinunn lýsir því einnig að hafa fengið frelsi til að gera það sem hugurinn stóð til: „Ég gat stýrt náminu mínu og hvert ég setti orkuna mína. Hvað mig langaði að læra meira“.

### *Samantekt um faglega upplifun*

Viðmælendur voru almennt ánægðir með þau verkefni sem þau voru að vinna við og báru móttökuaðila vel söguna; þeim hafi verið treyst fyrir nýjum og fjölbreyttum verkefnum og það hafi aukið faglegt sjálfsöryggi. Það er ljóst að viðmælendur eru upp til hópa ánægðir með þau verkefni sem þau fengu og öll voru þau sammála um að hafa lært eitthvað nýtt. Hvort sem það var efnisnotkun, aðferðir, tækjakostur, vinnutilhögun eða hvernig fagið þeirra er uppbyggt og kennt. Viðmælendur nefndu gjarnan að þau tækju með sér faglega þekkingu eftir dvölinna inn í sitt vinnuumhverfi á Íslandi.

### *Menningar- og félagsleg upplifun*

Í þessum kafla verður farið yfir menningar- og félagslega upplifun viðmælenda af námsdvölinni, sérstaklega tungumálið, félagsleg tengsl og áhrif COVID-19 faraldursins á dvölinna.

#### *Tungumálið*

Þegar viðmælendur voru spurðir að því hvort einhverjir erfiðleikar hafi komið upp á meðan á dvölinni stóð nefndu nokkur þeirra tungumálið og þá sérstaklega þau sem fóru til landa þar sem enskukunnátta er ekki almenn. Á staðnum þar sem Magnús vann var eiginlega ekki neinn sem talaði ensku og hann sagði: „Allt sjónvarpsefni [er] döbbað og þau læra bara ekki eins vel ensku og við, þó svo að krakkar á mínum aldri kunni meira í ensku“. Tungumálið var því ákveðinn tálmi þó það hafi reddast, en hann segir að útskýringarnar hefðu kannski getað komist betur til skila: „Ég hefði viljað tala meira í tungumálinu, ég raunar tala ekki neitt þannig að þetta var bara handapat og fingramál með andlitsgrettum eða brosum, geiflum“. Hann vildi meina að skortur á tungumálakunnáttu hafi ekki komið í veg fyrir þátttöku í verkefnum, en segir þó: „Ég gerði ekkert mjög mikið en samt ... svona fékk að sýna hvað ég gat“. Það sama var uppi á teningnum hjá Ragnari:

Ég var að fara í fyrsta sinn einn til útlanda og var mjög spenntur, tala ekki mikið í málinu, eiginlega ekki neitt og það var erfitt að nota ensku því ekki margir sem skildu hana ... Strákarnir sem voru að vinna með mér töluðu ekki mikið í ensku og eigandinn sem er svona fimmtíu ára talar aðeins minna, en þó eitthvað smá.

Hann bætti svo við að þeir notuðu bara google translate til að hjálpa sér við að koma á framfæri því sem þeir vildu segja. Helena ræddi einnig tungumálið og þá sérstaklega í tengslum við aðra erfiðleika sem komu upp. Hún hafði fengið samstarfsmann sem hún átti að vinna með og sá var í raun eini aðilinn á staðnum sem kunni eitthvað í ensku. En hann áreitti hana kynferðislega í vinnunni: „Hann var mjög óviðeigandi við mig og einn daginn gekk hann alveg yfir strikið“ og í framhaldi sagði hún yfirmanninum frá því sem gerst hafði og bað um að skipt yrði um samstarfsfélaga:

Þá sagði hann bara að hann væri til í að leyfa mér að vera með hverjum sem er, en það talar enginn ensku. Ég sagði bara að mér væri alveg sama, ég myndi bara nota táknmál með



höndunum. Ég hef unnið með Pólverjum hér heima sem tala ekkert nema pólsku og við höfum alveg getað skilið hvert annað.

Hún fékk nýjan samstarfsmann og sagði hún að þá hefði hún lært smá í málinu, en jafnframt að þau hefðu alveg skilið hvort annað án þess að hún gæti almennilega skilgreint málið sem þau töluðu: „Þetta var svona blanda af fag-lingói, ensku og móðurmáli samstarfsfélagans“. Hún var ánægð með þessa niðurstöðu á máli hennar:

Ég sá ekki ástæðu til að gera mál úr þessu þegar ég gat tæklað þetta sjálf og vinnuveitandinn tók vel í að skipa mér annan féлага ... en ég var mjög heppin að lenda svo hjá [honum], hann var voða duglegur að leyfa mér að gera og prufa allskonar.

Þannig virtist tungumálakunnátta ekki standa í vegi fyrir námi, eða úrlausnum viðkvæmra mála í þessu tilviki, en þó er ljóst að þegar nemendur kunna ekki tungumálið getur það verið áskorun í löndum þar sem enskukunnátta er ekki almenn.

### *Félagsleg tengsl: Vinir og vinnufélagar*

Flestir viðmælendur töluðu um að hafa kynnst nýjum vinum í móttökulandinu, bæði á vinnustaðnum og utan vinnu. Hvernig þeim gekk að mynda félagsleg tengsl fór aðeins eftir samsetningu vinnufélaga, þeirra tengsla á staðnum og eins hversu tilbúin þau voru til að kynnast fólki.

Nokkur þeirra fóru utan með öðrum. Til dæmis Vilborg sem fór ásamt kærasta sínum, en hann fékk vinnu og kynntust þau samstarfsfólki hans sem var á sama aldri og þau: „Þetta var allt mjög næs fólk og við gerðum ýmislegt saman, fórum í helgarferðir í bústað og ferðumst aðeins um. Mér finnst ég hafa styrkst við þetta“. Hún sagði að sínir vinnufélagar hefðu verið miklu eldri en hún þannig að ekki var margt um að velja að gera eitthvað saman eftir vinnu. Eigandinn hefði þó boðið þeim í mat sem var mjög gaman. Vilborg sagði líka að þau væru enn í sambandi við félagana af vinnustað kærastans og það hefði verið gaman að kynnast þeim: „Þeir bíða allir spenntir eftir því að komast til Íslands“. Melkorka fór utan í félagsskap við samnemanda og leigðu þær saman. Þær voru báðar að taka hluta af vinnustaðanámi sínu en voru hvor á sínum vinnustaðnum. Hún sagði að það hefði verið gott að hafa féлага með í ferðina það hafi verið viss stuðningur í því: „Það hefði verið öðruvísi ef ég hefði farið ein, maður hefði þá frekar leitað í félagsskap stelpnanna sem ég var að vinna með“. Svo bætir hún við: „Hún sem fór með mér er töluvert eldri en ég þannig að ég var kannski meira dugleg að fara út og hitta fólk en hún. Ég var líka heppin, það var íslensk stelpa að vinna þarna sem ég var, þannig að ég var fljótari að kynnast fólkinu út af því“. Álfrún fór líka í sitt nám með félögum frá Íslandi og segir: „Það var alveg rosalega gott að vera þrjár saman og við nutum stuðnings hver af annarri“. Hún segir að þær hafi verið mikið saman og séu vinkonur í dag en þær þekktust ekkert áður en þær fóru. „Við kynntumst alveg fólkinu sem við vorum að vinna með þó svo að það hafi ekki haldist neitt,“ bætir hún við. Hún nefnir það að þetta hafi verið fólk frá ýmsum löndum svona nokkurskonar farandverkamenn og það hafi verið gaman að kynnast þeim. Róbert fór utan með öðrum Íslendingi, en samkvæmt Róbert var sá ekkert fyrir að kynnast landi og þjóð, svo Róbert fór bara einn á fótboltaleiki og í kynnisferðir. Hann sagðist hafa kynnst fólki á ferðalögum sínum og fór með þeim í ýmsar ferðir.

Aðrir kynntust félögum í gegnum búsetu, eins og Guðrún sem leigði með tveimur stelpum sem hún fann á netinu: „Þær voru ekkert í sömu stöðu og ég, önnur var atvinnulaus að leita sér að vinnu sem gekk ekkert vel út af COVID og hin var að vinna á bókasafni, þær eru báðar bókmenntafræðingar. Við eru enn vinkonur og í góðu sambandi“. Helena hafði sömu sögu að segja: „Við deildum íbúð, þrjár

stelpur hver frá sínu landinu, ein frá Íran ein frá Ísrael. Þær voru á öðrum forsendum en ég, ekki á Erasmus styrk. Þær voru að læra í háskólanum og við erum enn í sambandi“. Þessi vinskapur skipti hana máli: „Ég var mjög ánægð með þann félagskap sem ég fékk utan vinnu og þakklát fyrir að fá að fara á tónleika og ferðast með stelpunum“. Þórður bjó á heimsvist í skólanum sem hann fór í og „kynntist fullt af fólki sem ég er enn í sambandi við“. Hann bætti við að þetta hafi verið fjölbreyttur hópur fólks úr ólíkum iðngreinum og frá mörgum löndum, sem hefði bara verið gaman og ýmislegt brallað. Magnús sagðist hafa eignast marga vini: „Sko ég hef alltaf átt mjög auðvelt með að eignast vini aðallega vegna þess að ég er mjög opinn og ekkert sérstaklega stressaður“. Hann bjó á háskólagörðum og hann hafi kynnst stúdentum úr ólíkum greinum alls staðar að úr heiminum: „Félagskapurinn og það að vera með og kynnst fólki frá ólíkum löndum skiptir mig máli“. Hann mælti með því að búa á háskólagörðum: „Ég fór bara út á svæðið með vínflösku og settist í sólina og þá fór fólk að koma og tala við mig“. Hann segir að þetta hafi verið góð leið til að brjóta ísinn og fólk hafi bara gert þetta að vana eftir að hann byrjaði á þessu svo var grillað og setið og spjallað. „Það var svaka bomba þegar ég sagðist vera frá Íslandi, og þar byrjar líka umræðan skilurðu“. Hann bætir við „Við fórum í bæinn og skemmtum okkur saman ... Það versta var að helgarfríin okkar pössuðu ekki saman því ég vann á laugardögum, en við grilluðum og höfðum mjög gaman“.

Einnig voru nokkrir viðmælendur sem þekktu fyrir eða nýttu sér tengsl við einhverja sem bjuggu á staðnum. Helena endurnýjaði til dæmis kunningsskap við vinkonu frá fyrri tíð sem búsett var í borginni sem hún dvaldi í og ferðaðist mikið með henni í fríum. Bryndís sagðist hafa mikið verið með frænku sinni og fjölskyldu sem bjó í borginni sem hún fór til: „Fyrst var ég mest með frænku minni en svo kynntist ég Íslendingum sem voru þarna úti því ég fann Íslendingagrúppu á netinu. Síðan fór ég bara að kynnst allskonar fólki á mínum aldri á kaffihúsum sem ég var mikið með“. Hún segist vera þessi týpa sem eigi erfitt með að kynnst fólki og er frekar feimin: „Mér finnst það kraftaverk að ég hafi kynnst einhverju fólki yfir höfuð“. Steinunn segist hafa eignast fullt af vinum en var einnig í miklu sambandi við Íslendinga á svæðinu, en þeir voru margir gamlir félagar hennar.

Misjafnt var hvort viðmælendur mynduðu vinskap við vinnufélaga og spilar aldur og tungumál sennilega rullu. Vinnufélagar Vilborgar og Helenu voru til dæmis eldri en þær og þær virðast hafa mest megnis eignast vini utan vinnunnar. Aðrir virðast hafa varið tíma utan vinnu með vinnufélögum eins og Dagur: „Þetta var algerlega æðislegt. Ég kynntist náttúrliga öllum sem voru að vinna með mér og það var mikið lagt upp úr því að halda í liðsandann bæði utan og innan vinnunnar. Við vorum alltaf saman, fórum að hjóla og á báta og allskonar“. Magnús segist hafa líka farið með vinnufélögum í allskyns ferðir og var boðið í skírn hjá einum sem honum fannst mjög skrýtin veisla: „Þetta var bara party“. Hann segist vera í Facebook-sambandi við fólkið á vinnustaðnum og það sé alltaf að segja honum að koma aftur út.

Margir nefna að þeir séu enn í sambandi við samstarfsfólk og samnemendur, eins og Þórður sem var enn í sambandi við félagi í skólanum og ræddi við þá um „fagið á netinu, aðferðir og svona“. Netíð er einmitt gjarnan nefnt sem samskiptamáti, til dæmis segir Helena: „Ég samt kynntist samtarfsfélaga mínum og er enn í smá sambandi við hann í gegnum samfélagsmiðla“. Hún talaði um að ekki væri mjög algengt að fullorðnir einstaklingar væru á samfélagsmiðlum þarna úti. Ragnar sagðist ekki vera í neinu sambandi við sína félagi frá dvölinni, en fylgjast með þeim á Instagram.

Björn var undantekningin í þessari umræðu, en hann sagðist ekkert hafa verið að leita eftir félagsskap. Hann er einn af tveimur eldri viðmælendum og hann sagðist einungis hafa farið til að kynnst nýrri aðferðar- og hugmyndafræði í sínu fagi. Hann lýsir þannig viðhorfi sem er mjög ólíkt því



sem gerist hjá hinum viðmælendum sem lögðu gjarnan áherslu á mikilvægi félagslega þáttarins. Til dæmis líkt og Magnús gerir þegar hann segir: „Þessi dvöl var svo miklu meira en bara námið“.

### *COVID-19 faraldurinn*

COVID-19 heimsfaraldurinn setti strik í reikninginn hjá nokkrum viðmælendum og skapaði óvissu um námið. Sumir ákváðu að snúa ekki aftur til Íslands og ljúka frekar dvölinni eins og Guðrún: „Það var bara óvissan með COVID hvort ég ætlaði að vera áfram eða ekki, svo ákvað ég bara að vera áfram því þau ætluðu ekkert að loka vinnslunni á verkstæðinu“. Hún var að taka starfsnámið í Evrópu sem hluta af vinnustaðanámi svo það kom sér vel fyrir hana að fá að vera áfram. En reynsla hennar virðist þó hafa breyst við þetta: „Ég var stundum skilin ein eftir á verkstæðinu og sérstaklega í COVID þegar allt var lokað var þetta svolítið erfitt. En ég fór bara að hanna og gera mína eigin hugmyndir og það gekk rosa vel“. Vilborg ákvað einnig að bíða af sér COVID lokanir: „Auðvitað var svolítið erfitt þegar COVID var og allt lokaði og ég var bara heima ein að bíða í þrjá mánuði, ákvað að bíða þetta af mér því kærastinn var með vinnu. Svo opnaði aftur og ég fór aftur að vinna“.

Hvort nemendur hafi getað valið hvort þeir yrðu áfram var kannski háð því hvort þeir væru í skóla eða á vinnustað. Þórður, eini viðmælandinn sem var í skóla, fékk ekkert val: „Það var rosa skrýtið við vorum bara látin vita að skólinn sé að loka á föstudegi, þetta var sko á miðvikudegi en svo kom bara strax að skólanum væri lokað núna. Við þurftum að panta ferð heim einn, tveir og þrír og það var svolítið stress að panta og sjá að flugfargjöldin hækkuðu um tíu þúsund kall bara á nokkurra mínútna fresti“. Hann sagði að tengiliðurinn í skólanum sem hann var í hefði komið og sagt að hann mætti vera á heimavistinni þar til hann fengi far með lest til þess að komast í flug heim. Hann sagði að þetta hafi verið ansi mikið stress; erfitt að fá miða í lestina og pakka og koma sér af stað heim. COVID-19 virðist líka í einhverjum tilvikum hafa komið í veg fyrir frekari heimsóknir, eins og hjá Magnúsi sem segist vera í sambandi við fólkið á vinnustaðnum þar sem hann var í gegnum Facebook og þau séu alltaf að segja honum að koma aftur út, en að það hafi ekki gengið vegna COVID.

### *Samantekt um menningar- og félagslega upplifun*

Tungumálið var ekki almennt vandamál og virðist enska hafa verið töluð víða. Í nokkrum tilvikum dvöldu viðmælendur á stað þar sem enskukunnátta var ekki almenn og þá reyndist tungumálið fyrirstaða að einhverju leyti. Þau gerðu þó yfirleitt lítið úr því og lýsa ýmsum leiðum til að vera í samskiptum við samstarfsfólk.

Viðmælendur leggja mismikið upp úr félagslegum tengslum en það er auðheyrt að þau sem höfðu áhuga á að kynnast fólki gekk vandræðalaust að eignast vini. Félagssleg tengsl komu í gegnum ólíkar leiðir, en hvaða leiðir viðmælendur nýttu sér, fór einnig eftir því hvort ferðast var með öðrum frá Íslandi eða hvort viðmælendur þekktu einhvern á staðnum. Þó er almenn ánægja hjá viðmælendum með félagslega þáttinn og flestir þeirra eignuðust nýja vini, bæði af erlendum uppruna sem og samferðarfélagum að heiman. Það var misjafnt hvað viðmælendur nýttu sér að fara út á meðal fólks og kynnast menningu þess lands sem þau dvöldu í og undir þeim komið hversu djúp kynnin eru af dvalarlandinu og íbúum þar. Mörg þeirra sögðust enn í sambandi við vini og vinnufélaga á einn eða annan hátt.

COVID-19 faraldurinn hafði áhrif á dvöl nokkurra viðmælenda, en aðeins einn þurfti að stytta dvölinu vegna þessa og hann var sá eini sem var í skóla.

## Mat á dvölinni eftir heimkomu: Þroski og sjálfstæði

Viðmælendur voru í lok viðtalsins beðnir um að ræða hvað þeir hefðu lært af dvölinni og hvernig þessi reynsla hefði nýst þeim. Það er auðheyrta á viðmælendum að þeir eru allir ánægðir með að hafa fengið tækifæri að fara til námsdvalar í öðru landi. Þau segjast hafa valdeflst bæði faglega og sem manneskjur. Mörg töluðu um mikilvægi þess að fá reynslu af því að búa á nýjum stað og standa á eigin fótum. Guðrún til dæmis sagði að hún væri í eðli sínu mjög "intróvert" eða lokuð manneskja en þegar hún var í náminu ytra hafi hún þurft að fara út úr boxinu og standa með sér, bæði faglega og sem manneskja sem hún sagðist hafa haft mjög gott af: „Það er mjög gefandi að fara eitthvað annað og standa svolítið á eigin fótum. Já, og vera í stórborg“. Melkorka er á sama máli og segir: „Ég held...hvað maður þroskast mikið með því að fara svona að vera þínu sjálfstæður. Þó að við höfum farið tvær saman...þarf maður alveg að standa á eigin fótum sko og svona treysta á sjálfan sig“.

Margir viðmælenda töluðu um að félagslegu tengslin standi upp úr eftir dvölinna. Magnús eignaðist vini alls staðar að og úr mörgum greinum: „[Að] fá tengsl við fólk sem er alls staðar að. Það var alveg rosalega gaman, þú varst að fá kynningu á landi þeirra sem voru þarna og voru allra þjóða fólk“. Vilborg benti einnig á hversu mikilvægt er að kynnast nýju fólk og menningu og mælir hundrað prósent með að nemar sækist eftir því að komast út í nám: „Bara þú lærir svo mikið af þessu, sko menning sko ... skiptir engu máli hvert þú ferð sko eins og vinkona mín sem fór í lítinn bæ þar sem bjuggu eitthvað þrjú hundruð manns og naut þess að vera þar því hún var með nemum alls staðar frá og naut þess alveg í botn og upplifði annarskonar stemmingu en ég, en maður þroskast svo mikið og svona að kynnast nýju fólk“.

Aðrir viðmælendur lögðu fyrst og fremst áherslu á hversu mikið þeir hefðu styrkst faglega og að hafa fengið tækifæri til að kynnast faginu annarsstaðar og læra nýja hluti. Ragnar segir að eftir dvöl sína ytra hafi hann styrkst faglega og sjálfstraustið aukist til muna:

Reynslan sem ég fékk þarna úti hjálpaði mér í skólanum, því eins og þeir eru að vinna ... þarna úti þá fór ég aðeins að hugsa sjálfur hvernig ég gæti breytt mínum aðferðum ... ég er óhræddari við að prufa ýmislegt.

Þórður talar mikið um þann faglega mun sem er á hans grein þarna úti miðað við hér heima, sérstaklega stærðar- og aðstöðumun í skólanum heima og úti. Hann bætir við: „Mér finnst svona eftir á, hversu gott það var að komast í annað umhverfi faglega og sjá hvernig hlutirnir eru gerðir annars staðar ... sjá að það væri hægt að breyta miklu hér heima með betri græjum og aga“. Bryndís segist hafa lært mjög mikið í náminu ytra: „Ég held að ég hefði ekki verið eins fróð og ég er núna“. Hún tók hluta af vinnustaðanáminu sínu ytra og segir hún að það hafi verið fín blanda við námið heima. Álfrún segir að það hafi verið algerlega frábært að fá þetta tækifæri og hún hafi lært mikið á því að fá að kynnast faginu sínu annars staðar: „Það eru alltaf að opnast gáttir þegar þú ferð í svona leiðangur og fyrir mig var þetta mikil og góð reynsla og ég færi klárlega aftur“.

Almennt voru viðmælendur einmitt á þeirri skoðun að þeir myndu fara aftur og hikuðu ekki við að mæla með starfsnámi í Evrópu við aðra starfsnámsnema. Bryndís svaraði til dæmis þegar hún var spurð hvort hún myndi mæla með svona ferð við aðra í hennar fagi: „Klárlega þetta var alveg frábært ... mig langaði bara að fara aftur út eftir að ég kom heim.“ Helena var sammála og sagðist myndi fara aftur á morgun ef hún gæti. Hún bætti við:

Ég er alveg þínu montin að hafa fengið að fara og tala mikið um þetta, ég hefði viljað vera lengur en ég var alveg sáttt við tímann þegar ég sótti um, en sá svo að það hefði gefið mér meira að vera lengur. Reynslan sem ég fékk var svo mikil.

Róbert segir að þessi ferð sem hann fór í hafi verið eitt það skemmtilegasta sem hann hafi gert og myndi fara aftur ef það byðist. Hann bætir svo við að hápunkturinn í hans huga er hversu vel skipulögð dvölin var og allar upplýsingar varðandi hana til fyrirmyndar og segir: „Já, og bara vinnustaðurinn var æðislegur“. Björn er afar ánægður með dvöl sína en hefði einnig viljað vera lengur. Hann segir: „Ég sé mest eftir því að hafa ekki getað verið lengur þarna, það hefði gagnast mér mun meira að vera í nokkra mánuði. Þær aðstæður voru bara ekki fyrir hendi þarna hjá mér, glugginn var farinn“. Eins og Róbert þótti honum allt skipulag til fyrirmyndar: „... gekk allt án allra hnökra og þeir aðilar sem áttu að vera til staðar voru það. Þetta gekk alveg óskaplega vel allt saman“.

Viðmælendur nefndu einnig að námsdvölin væri mikilvæg fyrir framtíð þeirra í faginu. Helena til dæmis sagði: „Þetta er mjög góð reynsla og þetta mun eflaust hjálpa mér þegar ég sæki um vinnu hjá fagfyrirtækjum“. Mörg sögðu að þau gætu einnig hæglega haft samband við vinnuveitendurna og fengið meðmæli eða jafnvel vinnu. Dagur talar um að eftir að hann kom heim hefur hann getað valið úr störfum og sé það dvölinni ytra að þakka:

Það að hafa þessa reynslu í ferilskránni er mikill plús og ég get valið um vinnu og það var verið að bjóða mér að opna mitt eigið fyrirtæki, fjárfestar sem vilja fjárfesta í mér, það hefur allt að gera með að ég fór í þetta starfsnám. Ég lærði svo mikið á þessum sex vikum ... meira en á námstímanum mínum hér heima. Ég hefði aldrei getað trúað því að ég gæti breyst svona mikið, ég var ekki með mikið sjálfssálit og gekk ekki vel í skóla fyrir en ég fór að læra þetta fag og svo þegar ég fer út þá eflist ég á alla kanta. Sjálfsvirðing, sjálfstöðugi og ég fann mjög vel fyrir því hvernig hún óx á þessum tíma þarna. Algerlega æðislegt og ég myndi gera þetta hundrað prósent aftur og aftur. Svo sagði fólk í kring um mig að ég hefði breyst.

Það er því ljóst að þrátt fyrir misjafna reynslu viðmælenda þá hafði námsdvölin mikil áhrif á þau og öll sem eitt mæltu hiklaust með henni.

## Umræður

Á heildina litið veita niðurstöðurnar innsýn í upplifun og reynslu starfsnámsnema í námsdvöl á vegum Erasmus+ áætlunarinnar. Vert er að hafa í huga að hér var einungis rætt við fáa einstaklinga og því er alhæfingargildið takmarkað eftir því – en í ekki stærra úrtaki viðmælenda er athyglisvert bæði hversu fjölbreyttri reynslu þau lýsa, en einnig hve samhljóma þau voru að mörgu leyti. Hér verður farið yfir helstu línur í niðurstöðunum og hvað læra má af þeim fyrir framkvæmd Erasmus+ áætlunarinnar á Íslandi.

### Almenn ánægja – mikilvægt tækifæri

Það er áberandi hversu ánægðir viðmælendur eru með námsdvölinu. Þrátt fyrir einhverja örðugleika og uppákomur eru þau öll sem eitt eindregið á þeirri skoðun að þetta hafi verið mikilvægt tækifæri fyrir þau, bæði faglega og eins til að þroskast sem manneskjur. Mörg þeirra tala einmitt um persónulegan þroska, að hafa mannast og lært að standa á eigin fótum og benda niðurstöðurnar þannig til að þau hafi valdeflst við þessa reynslu. Það er því ljóst að starfsnám í Evrópu er eins og Magnús sagði „miklu meira en bara námið“.

Annað sem er auðheyrð á viðmælendum er að reynslan hefur opnað augu þeirra fyrir að skoða frekari tækifæri utan Íslands. Þannig tala sum þeirra um frekari ferðir, hvort sem er til að starfa eða læra meira. Nokkur nefndu það sérstaklega hversu auðvelt það var að fara og vinna við fagið sitt í öðru landi, jafnvel þó að tungumálakunnátta væri ekki fullkomin. Þau sáu það ekki sem þröskuld og það er að mörgu leyti að aðdunarvert hversu lítið þau létu tungumálið trufla sig. Það er einnig athyglisvert að þó Erasmus+ styrkur sé skilgreindur yfir tiltekið tímabil og sem hluti af námi þá eru nokkrir viðmælendur sem voru töluvert lengur. Þarna flæðir saman námsdvöl og starf og virtust viðmælendur oft ekkert meðvitaðir um hvar einu tímabili lauk og annað hófst í því samhengi. Þannig má líka sjá að starfsnám í Evrópu á vegum Erasmus+ áætlunarinnar getur í raun verið bein innganga á vinnumarkað erlendis.

Það kemur skemmtilega á óvart hversu ánægð þau voru með allan aðbúnað og þá reynslu sem þau fengu. Mörg nefna að hún muni nýtast þeim í framhaldi og þegar þau sækja um vinnu. Það er því ljóst að fagleg upplifun er á heildina lítið mjög jákvæð hjá viðmælendum og öll segjast hafa styrkts sem fagmenn. Eins eru mörg sem leggja áherslu félags- og menningarlega reynslu og að hafa eignast vini og félagala alls staðar að úr heiminum. Öll sem eitt sögðust þau tilbúin til að fara aftur ef það byðist.

Á heildina lítið er því áberandi í niðurstöðunum hversu jákvæð þau eru gagnvart námsdvölinni og ánægð með reynsluna. Niðurstöðurnar gefa einnig til kynna að hægt væri að bæta nokkur atriði í kynningu og umsýslu með verkefninu. Einnig er vert að ræða um þá hæfni sem nemendur tileinka sér í námsdvölinni og hvernig hún er metin.

## Kynningu ábótavant

Af niðurstöðum má ráða að möguleikinn á að fara í starfsnám í Evrópu og sækja um styrk á vegum Erasmus+ er ekki nægilega kynntur fyrir starfsnámsnemum. Flestir fá upplýsingar frá kennurum sem benda þeim á þetta óformlega og oft virðist tilviljunarkennt hvort viðmælendur fái upplýsingar um þennan möguleika. Aðeins einn viðmælandi talaði um formlega kynningu og í einu tilviki fékk viðmælandi rangar upplýsingar og var sagt að hún gæti ekki sótt um. Þessar niðurstöður má túlka á tvo vegu. Í fyrsta lagi að kynna mætti möguleikann betur almennt fyrir starfsnámsnemum, t.d. í upphafi náms, og að nýta mætti fleiri leiðir en einungis kennara til að auka líkurnar á að þau fái þessar upplýsingar, t.d. með því að fulltrúi í skóla haldi kynningafundi eða komi kynningum á framfæri með öðrum hætti. Í öðru lagi er ljóst að það skiptir miklu máli að kennarar séu meðvitaðir um þennan möguleika og þekki til Erasmus+ styrkja því flest fengu þau upplýsingar í gegnum kennara. Þeir eru því mikilvæg leið til að veita upplýsingar um námsdvöl erlendis í starfsnámi og ef kennarar eru ekki vel upplýstir getur það haft neikvæð áhrif þegar nemendur leita til þeirra um upplýsingar.

Í einhverjum tilvikum vissu viðmælendur ekkert af þessum möguleika og hjá nokkrum kom fram að þetta bara „datt upp í hendurnar á þeim“, þegar kennari eða áfangastjóri stakk þessu að þeim. Sum voru jafnvel búin að finna stað og ætluðu á eigin vegum þegar þeim var ljóst að hægt var að sækja um styrk til dvalarinnar. Það má velta fyrir sér hvort ekki væri æskilegt að nemarnir fengju kynningu á möguleikanum á starfsnámi erlendis í upphafi skólagöngu sinnar. Þannig gætu nemendur ígrundað að velja það að sækja um styrk til að læra ákveðna námsþætti, styrkja sig faglega, eða ljúka vinnustaðanámi utan landsteinanna í ljósi þeirra framtíðarmarkmiða. Fróðlegt hefði verið að skoða betur hvernig starfsnám erlendis og Erasmus+ er kynnt innan framhaldsskóla sem bjóða upp á

starfsnám. Hægt er að lesa úr svörum viðmælanda að kynning á verkefninu er ekki markviss í skólunum, þó ber einnig að geta þess að kynning gæti hafa átt sér stað og farið fyrir ofan garð eða neðan hjá viðmælendum.

### Misjöfn aðstoð við umsókn

Það vekur athygli hversu misjafna aðstoð viðmælendur fengu við umsóknina um námsdvöl. Margir fengu mikla aðstoð við flesta þætti en aðrir sáu um meirihlutann sjálfir, stundum að eigin vali. Í mörgum tilfellum sáu viðmælendur um að útvega vinnustað til að stunda nám á og svo virðist sem það hefjist helst fyrir þeim. Það kom fram að mikill tími fór í það hjá sumum og olli streitu þegar lítið var af svörum. Það má velta fyrir sér hvort það geti skipt máli að samskipti við vinnustaði séu af hálfu skóla eða stofnana og eins má ætla að reynsla skóla af umsóknum í gegnum tíðina byggji upp samband við vinnustaði í þeim greinum sem skólinn menntar til. Það er því líklegt að aðstoð við þennan hluta umsóknarferlisins gæti létt undir með nemendum sem hafa áhuga á starfsnámi í Evrópu og eins búið til mikilvægt tengslanet fyrir viðkomandi skóla eða stofnun.

Það er þó mikilvægt að hafa einnig þann möguleika að nemendur geti sjálfir lagt til vinnustað, því ef hugur þeirra stendur til að kynnast einhverju ákveðnu innan síns fags þá er mikilvægt að opna fyrir að þeir geti sjálfir leitað að hentugum stað til að stunda það nám.

Sum fengu einhverja aðstoð við að leita sér að húsnæði og virðast þau þakklát fyrir þá aðstoð, en fyrir þau sem ekki fengu þá aðstoð þá virtist það ekkert tiltökumál. Það sama gildi um að fá nafn á tengilið í móttökulandi sem hægt væri að leita til, en fæst þurftu aðstoð meðan á dvölinni stóð. Þau sem þurftu aðstoð leituðu frekar til yfirmanns á vinnustaðnum eða kennara í skólanum á Íslandi. Það má þó velta fyrir sér hvort það mætti standa markvissara að þessu. Það er hægt að ímynda sér aðstæður þar sem nemandi þurfi aðstoð í móttökulandi varðandi mál sem koma upp í samskiptum við vinnuveitanda. En hér ber að taka fram að það getur verið að allir hafi fengið upplýsingar um tengilið en viðmælendur hafi ekkert gefið því sérstaklega gaum og fundið út úr hlutunum sjálfir. Niðurstöðurnar hér byggja á skilningi og túlkun viðmælanda. Þetta þyrfti að skoða betur.

### Hvaða hæfni?

Bent hefur verið á mikilvægi þess að skilgreina þá hæfni sem hlýst af dvöl nemanna á erlendri grund. Eitt sem mætti skoða betur er hvers konar hæfni nemendur tileinka sér í námsdvölinni. Það er ljóst af niðurstöðunum að viðmælendur telja sig hafa lært mikið og styrkst faglega. Þau tala um að fá ný og fjölbreytt verkefni og fá tækifæri til að nota nýjustu efni, aðferðir, tæki og tól, og segja mörg að þau hafi tileinkað sér hæfni sem þau annars hefðu ekki gert. Það er þó umhugsunarvert að ekkert þeirra minnst á að umræða um hvaða hæfni þau ættu að tileinka sér í námsdvölinni hefði átt sér stað í undirbúningi fyrir ferðina. Eins tala þau ekkert um hvernig nákvæmlega hæfni þeirra var metin eftir heimkomu eða um einhverskonar ferilbók á meðan dvöl stóð. Það virðist þvert á móti hafa farið eftir afstöðu vinnuveitanda og hvaða verkefni þar voru unnin hvað þau voru að gera. Það er að mörgu leyti eðlilegt, en í ljósi þess að námsdvölin er í mörgum tilfellum hluti af formlegu námi til lokaprófs í starfsnámi, þá væri hægt að ætlast til þess að það væri nánar skilgreint hvað þessir nemar ættu læra. Það getur reynt erfitt að útlista allt nám fyrir fram og þá sérstaklega vinnustaðanám sem oft býður upp á óvænta þekkingaröflun í námsferlinu. Því er það vandaverk að skilgreina nám á vinnustað í smáatriðum. Nauðsynlegt er þó að hafa eitthvert viðmið og mikilvægt að gera sér grein fyrir því hvaða hæfni nemarnir hafa náð eftir starfsnám erlendis. Lögð er líka áhersla á það þegar rætt er um gæði náms og viðurkenningu á námi í Evrópu í gegnum t.d. ECVET (sjá Cedefop, 2021b).

Það þyrfti því að skoða betur hvers konar hæfni nemendur fá á þeim stöðum sem þeir dvelja á og hverskonar staðir það eru sem taka á móti nemunum; sérstaklega fyrir nema sem fara utan í vinnustaðanáám. Annað er kannski uppi á teningnum með nemendur sem fara til að ná sér í sérþekkingu í ákveðnum þáttum innan síns fags. Þar er hæfnin sennilega nokkuð vel skilgreind.

Einnig er mikilvægt í þessu samhengi að ræða hæfni sem ekki verður eins auðveldlega skilgreind í ferilbók eða út frá hæfnikröfum starfa. Menningar- og félagsleg hæfni getur einnig skipt máli fyrir starfshæfni fólks í framtíðinni og alþjóðleg reynsla er þar sérstaklega mikilvæg (CIMO, 2014). Því þarf að hugsa um hvernig starfshæfni er eflað í víðtækum skilningi.

Viðmælendur höfðu ólíkar forsendur fyrir dvöl sinni sem sýna mikilvægi þess að boðið sé upp á Erasmus+ styrki. Fyrir þá sem enn eru í námi gefur þessi möguleiki nemendum tækifæri að ljúka vinnustaðanámi þegar erfitt er að finna samning á Íslandi, en einnig að sérhæfa sig eða bæta við sig þekkingu sem ekki er auðsótt hér á landi. Fyrir þá nemendur sem þegar hafa lokið námi gefur sá möguleiki að geta sótt um ári eftir útskrift þeim tækifæri á frekari sérhæfingu á tilteknu sviði og einnig fá þeir innsýn í fjölbreytni fags síns í alþjóðlegu samhengi. Ljóst er að ef þessi tímarammi yrði útvíkkaður yrðu enn fleiri líklegir til nýta þetta tækifæri sem möguleika til endurmenntunar og endurnýjunar í starfi. Hverjar sem forsendurnar eru er þó ljóst að þessi alþjóðlega reynsla skilar aukinni starfshæfni ásamt því að opna möguleika á stærra atvinnusvæði.

## Að lokum

Það er ljóst af niðurstöðunum hér að viðmælendum fannst það vera forréttindi að fá að skoða sína starfsnámsgrein og vinna við hana í öðru landi. Þau eru þakklát fyrir tækifærið og segjast hafa lært mikið og eflst bæði sem manneskjur og fagmenn. Erasmus+ áætlunin og tækifærið að fara í starfsnám erlendis er virkilega mikilvægt í íslensku starfsnámskerfi.

Rannsóknin tekur aðeins til fámenns úrtaks og rætt var sérstaklega um reynslu og upplifun af námsdvölinni. Niðurstöðurnar gefa því innsýn í þeirra viðhorf að afloknu starfsnámi í Evrópu og vísbendingar um hvað mætti gera betur. Niðurstöðunum ber þó að taka með þeim fyrirvara að viðmælendur hér eru ekki þau sem kynna, skipuleggja og halda utan um umsóknir og umsýslu námsdvalarinnar. Það getur vel verið að þeirra saga sé önnur en sú sem hér kemur fram og þyrfti frekari könnunar við.

Rannsóknin sýnir svo ekki verður um villst að starfsnám í Evrópu á vegum Erasmus+ áætlunar er frábært tækifæri. Um leið vekja niðurstöðurnar upp spurningar um hvernig hægt væri að kynna þennan möguleika betur og tryggja að starfsnámsnemendur séu meðvitaðir um að hægt sé að læra faggreinina bæði á vinnustað og í skóla erlendis og fá metið sem hluta af þeirra námi á Íslandi. Eins má ræða hvernig hægt er að meta þá hæfni sem nemendur öðlast í námsdvöl erlendis – bæði faglega en ekki síður aðra hæfni sem er ekki eins sýnileg eða vel skilgreind. Því sú hæfni sem hlýst af því að spjara sig við nám og störf í nýju landi hlýtur að teljast eftirsóknarverð.

## Heimildir

- Braun, V. og Clarke, V. (2006). Using thematic analysis in psychology. *Qualitative Research in Psychology*, 3(2), bls. 77–101. DOI: 10.1191/1478088706qp063oa
- Cedefop. (2021a). *Cross-border long-term apprentice mobility. Making it work: Suggestions for national policy makers*. Publication Office of the European Union.  
<https://www.cedefop.europa.eu/en/publications/4202>
- Cedefop. (2021b). *European credit system for vocational education and training (ECVET)*.  
<https://www.cedefop.europa.eu/en/projects/european-credit-system-vocational-education-and-training-ecvet>
- CIMO, Centre for International Mobility. (2014). Hidden competences. *Faktaa, facts and figures*.  
<https://www.oph.fi/en/statistics-and-publications/publications/faktaa-facts-and-figures-12014-hidden-competences>
- Erasmus+ (2021). *Tækifæri á sviði starfsmenntunar*. Erasmusplus.  
<https://www.erasmusplus.is/taekifaeri/starfsmenntun/>
- European Commission. (2017). Combined evaluation of Erasmus+ and predecessor programmes: Executive summary. Publication Office of the European Union.  
<https://op.europa.eu/en/publication-detail/-/publication/0e2ac9b5-2216-11e8-ac73-01aa75ed71a1/language-en/format-PDF/source-68164180>
- European Commission. (e.d.). *EQAVET – European quality assurance in vocational education and training*. Employment, Social Affairs & Inclusion.  
<https://ec.europa.eu/social/main.jsp?catId=1536&langId=en>
- Flick, U. (2014). *An introduction to qualitative research* (5. útgáfa). Sage Publications.  
<https://doi.org/10.1191/1478088706qp063oa>
- Kvale, S. (1996). *Interviews: An introduction to qualitative research interviewing*. Sage Publications.
- Kugiejko, M. (2016). The Erasmus plus program as a factor to international cooperation in school: a case study. *Problems of Education in the 21st Century*, 71(1), bls. 44–52. DOI: 10.33225/pec/16.71.44.
- Stefán Ólafsson og Kolbeinn Stefánsson. (2005). *Hnattvæðing og þekkingarþjóðfélag*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.





**Fjármagnað af  
Evrópusambandinu**